

**Greiðslumiðlunin Hringur ehf.**

**Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2016**

**Efnisyfirlit** bls.

Árshlutaskýrsla stjórnar .....	<b>2</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningar .....	<b>4</b>
Yfirlit yfir breytingar á eigin fé .....	<b>5</b>
Sjóðstreymi .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7 - 9</b>

**Greiðslumiðlunin Hringur ehf.**

Kennitala 470110-0740

Austurbakka 2, 101 Reykjavík

## Árshlutaskýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Greiðslumiðunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa ohf.) og hefur þann tilgang að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðun lánsins í samræmi við samninga.

Framlag ríkis og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnum Hörpu gengur að öllu leyti til greiðslu á lántöku og er veðsett, á móti skuldum félagsins. Fram lagið byggir á samningi um rekstur og starfsemi Hörpu þar sem Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg skuldbinda sig til að greiða mánaðarlega framlag í 35 ár til Hörpu. Upphafsgreiðsla var í mars 2011 og greiðslu lýkur árið 2046.

### Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap félagsins á tímabilinu 1,6 milljón króna og eigið fé var neikvætt um 1,4 milljón króna. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um rekstur félagsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

### Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, og gefur glöggja mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 30. júní 2016 ásamt fjárhagsstöðu og rekstrarrafkomu á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningur félagsins ásamt ofangreindri árshlutaskýrslu gefi skýra mynd af stöðu félagsins, lýsi helstu áhættu- og óvissupáttum og greini frá meiri háttar viðskiptum við tengda aðila.

Stjórn Greiðslumiðunarinnar Hrings ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 með áritun sinni.

Reykjavík, 10. ágúst 2016

Halldór Guðmundsson  
stjórnarmaður

Auður Árnadóttir  
framkvæmdastjóri

**Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu  
tímbilið 1. janúar til 30. júní 2016**

	Skýr	2016 01.01 - 30.06	2015 01.01 - 30.06
<b>Rekstrartekjur</b>			
Rekstrarframlag frá móðurfélagi .....		3.600.000	0
<b>Rekstrargjöld</b>			
Aðkeypt þjónusta .....		1.820.821	2.169.728
Annar rekstrarkostnaður .....		3.366.622	1.107.508
		<hr/> 5.187.443	<hr/> 3.277.236
<b>Rekstrartap</b>		(1.587.443)	(3.277.236)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	4	<hr/> (29.585)	<hr/> (2.766)
		<hr/> (29.585)	<hr/> (2.766)
<b>Heildarafkoma, tap tímbilsins</b>		<hr/> <hr/> (1.617.028)	<hr/> <hr/> (3.280.002)
<b>Heildarafkoma (tap tímbilsins) skiptist á eftirfarandi hátt:</b>			
Eigendur félagsins .....		(1.617.028)	(3.280.002)

## Efnahagsreikningur 30. júní 2016

<b>Eignir</b>	<b>Skýr</b>	<b>30.06.2016</b>	<b>31.12.2015</b>
---------------	-------------	-------------------	-------------------

### Fastafjármunir

Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Langtímakrafa á tengd félög .....	5	<u>19.222.858.599</u>	<u>19.135.795.422</u>

### Veltufjármunir

Næsta árs aðborgun langtímakröfu á tengd félög .....	5	379.941.643	374.858.371
Kröfur á tengd félög, áfallnir vextir langtímakröfu .....	7	13.449.689	27.852.065
Skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		37.305	37.305
Handbært fé .....		10.776.734	1.967.539
		<u>404.205.371</u>	<u>404.715.280</u>

### Eignir samtals

<u>19.627.063.970</u>	<u>19.540.510.702</u>
-----------------------	-----------------------

### Eigið fé og skuldir

#### Eigið fé

Hlutafé .....	500.000	500.000
Ójafnað tap .....	(1.936.475)	(319.447)
	<u>(1.436.475)</u>	<u>180.553</u>

#### Skuldir

Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum .....	6	<u>19.222.858.599</u>	<u>19.135.795.422</u>
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs aðborgun af langtímaskuldum .....	6	379.941.643	374.858.371
Áfallnir vextir langtímalána .....		25.126.514	29.676.356
Aðrar skammtímaskuldir .....		573.689	0
		<u>405.641.846</u>	<u>404.534.727</u>

#### Skuldir samtals

<u>19.628.500.445</u>	<u>19.540.330.149</u>
-----------------------	-----------------------

#### Eigið fé og skuldir samtals

<u>19.627.063.970</u>	<u>19.540.510.702</u>
-----------------------	-----------------------

#### Reikningsskilaaðferðir og mat

1, 2, 3

#### Aðrar upplýsingar

7 - 8

## Yfirlit um breytingar á eigin fé frá 1. janúar til 30. júní 2016

	Hlutafé	Ójafnað tap	Samtals
<b>Hreyfingar 2015:</b>			
Eigið fé 1. janúar 2015 .....	500.000	(7.206.928)	(6.706.928)
Heildarafkoma, tap tímabilsins .....		(3.280.002)	(3.280.002)
Staða 30. júní 2015 .....	500.000	(10.486.930)	(9.986.930)
 <b>Hreyfingar 2016:</b>			
Eigið fé 1. janúar 2016 .....	500.000	(319.447)	180.553
Heildarafkoma, tap tímabilsins .....		(1.617.028)	(1.617.028)
Staða 30. júní 2016 .....	500.000	(1.936.475)	(1.436.475)

## Sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2016

	Skýr	2016 01.01 - 30.06	2015 01.01 - 30.06
<b>Rekstrahreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(1.587.443)	(3.277.236)	
Mótteknir vextir og verðbætur .....	362.643.195	327.034.792	
Greiddir vextir og verðbætur .....	(362.672.780)	(327.037.558)	
	(29.585)	(2.766)	
Lækkun rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	14.402.376	(202.019)	
Lækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....	(3.976.153)	(299.438)	
	10.426.223	(501.457)	
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		8.809.195	(3.781.459)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Innborganir frá móðurfélagi .....	174.030.742	173.349.363	
	174.030.742	173.349.363	
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....	(174.030.742)	(173.349.363)	
Skammtímalán við tengda aðila, breyting .....	0	10.738.567	
	(174.030.742)	(162.610.796)	
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		8.809.195	6.957.108
Handbært fé í byrjun árs .....	1.967.539	194.631	
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>		10.776.734	7.151.739

## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Höru tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (Höru ohf) og hefur þann tilgang að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Höru við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga.

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 10. ágúst 2016.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði tímabilin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

#### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur Greiðslumiðlunarinnar Hringur ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi félagsins fyrir árið 2015.

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 3.

#### 2.2 Starfspáttaskýrslur

Starfspáttur er skilgreindur sem aðgreinanlegur hluti í rekstri fyrirtækis sem aflar tekna og leggur út gjöld, og sem reiknað er út rekstrarniðurstöðu sem stjórnendur félagsins yfirfara reglulega og nota til að taka ákvarðanir um það hvaða fjármuni á að leggja til starfspáttarins, og meta í framhaldi af því fjárhagslegan árangur hans.

Félag sem er með verðbréf á opinberum hlutabréfamarkaði eða ætlar gefa að út verðbréf sem verða þar í viðskiptum þurfa að aðgreina sína starfspætti og birta starfspáttaskýrslur í ársreikningi sínum. Greiðslumiðlunin Hringur ehf. hefur aðeins einn starfspátt sem hægt er að aðgreina sérstaklega miðað við ofangreinda skilgreiningu, sem er að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Höru við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga. Því bírtir félagið ekki sérstakt starfspáttayfirlit þar sem stjórnendur félagsins skoða eingöngu niðurstöðu fyrir félagið í heild við ákvarðanir sínar.

### 3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Við gerð þessa samandregna árshlutareiknings voru aðferðir stjórnenda félagsins við að beita reikningsskilaaðferðum þær sömu og notað var við gerð ársreiknings félagsins 31. desember 2015. Vísast til ársreikningsins hvað varðar nánari upplýsingar um reikningsskilaðferðir.

Félagið leggur mat á þætti er varða reikningsskiliin og gefur sér forsendur varðandi framtíðina. Eðli máls samkvæmt getur raunveruleg niðurstaða orðið önnur en gefnar forsendur.

Við núverandi aðstæður eru engir matskenndir liðir í ársreikningi félagsins sem geta falið áhættu á verulegri skekkju í mati á eignum og skuldum í reikningsskilum félagsins. Núverandi aðstæður byggjast á mati á mótaðilaáhættu á Ríkissjóð Íslands og Reykjavíkurborg.

## Skýringar

### 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2016 01.01 - 30.06	2015 01.01 - 30.06
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Vaxtatekjur af greiðslumiðun innan samstæðu Hörpu ohf.	628.575.053	677.101.944
Vaxtagjöld af skuldabréfaflokki HARP 46 0217	(628.575.053)	(677.101.944)
Dráttarvextir	<u>(29.585)</u>	<u>(2.766)</u>
	<u>(29.585)</u>	<u>(2.766)</u>

### 5. Langtímaskuldir á tengd félög

Langtímaskrafa á tengd félög er krafa á móðurfélagið Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Krafan endurspeglar langtímaskuld félagsins, en félagið hefur selt skuldabréf á markaði til fjármögnumnar á tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Austurhöfn í Reykjavík. Lánið er endurlánað til Hörpu ohf. og eru kjör á milli félaga þau sömu og á skuldabréfinu.

	30.06.2016	31.12.2015
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskrafa	379.941.643	374.858.371
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>19.222.858.599</u>	<u>19.135.795.422</u>
	<u>19.602.800.242</u>	<u>19.510.653.793</u>

### 6. Langtímaskuldir

	30.06.2016	31.12.2015
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir HARP 46 0217, vextir 3,55%	19.757.148.167	19.668.453.708
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns	<u>(154.347.925)</u>	<u>(157.799.915)</u>
Langtímaskuldir samtals	<u>19.602.800.242</u>	<u>19.510.653.793</u>

Afborganir af langtímaskuldu félagsins í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2016/2017	379.941.643
Árið 2017/2018	393.640.849
Árið 2018/2019	407.834.333
Árið 2019/2020	422.539.945
Árið 2020/2021	437.776.172
Síðar	<u>17.561.067.300</u>
	<u>19.602.800.242</u>

Langtímaskuldir samtals 19.602,8 milljónir króna, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda	379.941.643
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>19.222.858.599</u>
	<u>19.602.800.242</u>

Langtímaskuld að fjárhæð 19.602,8 milljónir króna er skuldabréf félagsins útgefið hjá Kauphöll Ísland, Nasdaq OMX, undir auðkenninu HARP 46 0217. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins er lánið verðtryggt með vísitölu neysluverðs og föstum vöxtum, 3,55%. Skuldabréfið er án uppgreiðsluheimildar.

Lánið er jafngreiðslulán (annuity lán), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lánstímann. Áætluð afborgun næstu tólf mánuði er 379,9 milljónir króna, en áætluð heildargreiðsla með vöxtum og verðbótum miðað við vísitölu í júlí 2016 á næstu tólf mánuðum er áætluð 1.069,5 milljónir króna.

## Skýringar

### 7. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félagini. Þessi skilgreining er byggð á settum reikningsskilareglum. Eftirfarandi viðskipti voru við móðurfélagið Hörpu á tímabilu:

	30.06.2016	31.12.2015
Rekstrarframlag .....	3.600.000	18.200.000
Vaxtatekjur (móðurfélagið Harpa ohf.) .....	628.575.053	1.081.005.734
Langtímakrafa á tengd félög (Harpa ohf.) .....	19.222.858.599	19.135.795.422
Næsta árs afborgun langtímakröfu á tengd félög (Harpa ohf.) .....	<u>379.941.643</u>	<u>374.858.371</u>
Langtímakrafa samtals .....	<u>19.602.800.242</u>	<u>19.510.653.793</u>
Kröfur á tengd félög, áfallnir vextir af langtímakröfu (Harpa ohf.) .....	13.449.689	27.852.065
Kröfur á tengda aðila samtals .....	<u>19.616.249.931</u>	<u>19.538.505.858</u>
<i>Hreyfingar á kröfum á tengda aðila á árinu</i>		
Krafa á tengda aðila, staða í upphafi tímabils .....	19.538.505.858	19.502.290.655
Greiddar afborganir .....	(174.030.742)	(352.799.101)
Reiknaðir vextir, 3,55% ásamt verðtryggingu .....	628.575.053	1.081.176.149
Greiddir vextir .....	(362.314.727)	(694.835.215)
Dreifing yfirverðs .....	(3.535.125)	(7.055.459)
Dreifing lántökukostnaðar .....	3.451.990	6.885.044
Viðskiptakröfur .....	<u>(14.402.376)</u>	<u>2.843.785</u>
Krafa á tengda aðila, staða í lok tímabils .....	<u>19.616.249.931</u>	<u>19.538.505.858</u>

Engar launagreiðslur eða greiðslur fyrir stjórnarsetu voru á tímabilinu.

### 8. Fjármögnun og fjárhagsleg staða

Á árinu 2013 var samþykkt að gefa út verðtryggðan skuldabréfaflokk, að fjárhæð ailt að 19,5 milljarðar króna og var öll fjárhæðin gefin út á því ári. Skuldabréfin eru tryggð með veði í framlagi ríkis og borgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar í bankainnstæðum félagsins.

Íslenska rikið og Reykjavíkurborg hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeiri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hrings og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afbonganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki félagsins.